

Námsvísir 2023-2024

7. bekkur

Námsgrein: Enska

Kennari: Þórhildur Eyþórsdóttir



Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

Markmið / Hæfniviðmið

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunaprofka einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Sívaxandi samstarf og samvinna Íslendinga við aðrar þjóðir kallar á staðgóða enskukunnáttu m.a í viðskiptum og í upplýsinga- og margmiðlunarheiminum.

Hæfniviðmiðunum í tungumálanámi er skipt upp í þrjú stig í stað þess að þau miði við hæfni við lok 4., 7. og 10. bekkjar. Gert er ráð fyrir að við lok grunnskóla hafi nemendur náð hæfni á 3. stigi.

Grunnþættir tungumála eru lesskilningur, ritun, hlustun og talað mál (frásögn og samskipti) en að auki er lögð áhersla á menningarlausni og námshæfni nemenda. Unnið er eftir lykilhæfni og hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá grunnskóla:

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafi-20>

Kennsluaðferð / vinnulag

Meiri áhersla er lögð á lesskilnings- og ritunarverkefni en áður.

Unnið er með fjölbreytta texta og verkefni sem þjálfa alla grunnþættina.

Unnið er í einstaklings-, para- og hópavinnu eftir innlögn kennara.

Námsmat

Öll vinna nemenda er metin; þátttaka í tímum, verkefnavinna og verkefnaskil.

Námsgögn

Yes we can 6

Ítarefni frá kennara